

STARFSREGLUR



Starfsreglur áfrýjunarnefndar starfsmatskerfis

Almennt um nefndina.

1. gr.

Heiti og aðsetur.

Nefndin heitir áfrýjunarnefnd og starfar á grundvelli kjarasamninga stéttarféлага sem samið hafa um starfsmatskerfið Samstarf við Reykjavíkurborg og/eða Samband Íslenskra sveitarféлага og starfsreglna sem um starfsmatskerfið gilda. Nefndin hefur aðsetur hjá Verkefnastofu Starfsmats. Verkefnastofan sér áfrýjunarnefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kærum til nefndarinnar, sendir tilkynningar og sér um vörslu gagna.

2. gr.

Valdsvið.

Starfsmenn sem sinna störfum sem heyra undir starfsmat geta kært niðurstöður starfsmats vegna þess starfs sem viðkomandi gegnir til nefndarinnar. Þá geta fulltrúar sveitarfélags eða stéttarfélags einnig kært niðurstöður starfsmatsnefndar RVK og framkvæmdanefndar starfsmatsnefndar.

Niðurstöður starfsmats starfa eru kæránlegar þegar um er að ræða starf sem hefur verið metið samkvæmt starfsmatskerfinu og hlotið afgreiðslu skv. reglum um endurmat.

Niðurstöður áfrýjunarnefndar eru endanlegar og því bindandi gagnvart málsaðilum.

Skipulag og starfshættir.

3. gr.

Skipan nefndar.

Nefndarmenn skulu vera fjórir. Þau stéttarfélög sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum skipa tvo fulltrúa. Reykjavíkurborg og Samband Ísl. sveitarféлага skipa sameiginlega tvo fulltrúa. Reykjavíkurborg og Samband Ísl. sveitarféлага skipta með sér formennsku í nefndinni til tveggja ára í senn.

4. gr.

Starfshættir.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð. Nefndin boðar fulltrúa þeirra stéttarféлага sem málið varðar og eru þeir áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin byggir álit sitt á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð. Niðurstöður nefndarinnar skulu vera rökstuddar og færðar til bókar ásamt rökstuðningi. Niðurstöður nefndarinnar skulu vera samhljóma.

Edó
ROR
SE

AK
EVM
ANM
ER

Meðferð mála.

5. gr.

Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og berast nefndinni innan sex mánaða frá því niðurstaða starfsmatsnefndar er tilkynnt aðilum. Í kæru skal koma fram nafn, heimilisfang og kennitala þess sem kærir ásamt starfsheiti, starfsstað og fleira sem málið varðar (sbr. sambærileg gögn sem lögð eru fyrir í starfsmatsnefnd/framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar).

Í kæru skal lýst ítarlega því álitaeefni sem er forsenda kærunnar sem og þeim kröfum sem málið varðar. Kröfurnar ber að rökstyðja.

Nefndin fær öll þau gögn sem málið varðar meðal annars þau gögn sem lágu til grundvallar við mat á viðkomandi starfi.

6. gr.

Frávísun.

Nefndin tekur afstöðu til þess hvort kæra sé studd þeim gögnum sem þörf er á og með þeim hætti að hægt sé að taka efnislega afstöðu til hennar með álitagerð.

Uppfylli kæra ekki kröfur þessar skal kæranda veittur 10 daga frestur til að bæta úr ágöllum en að þeim tíma liðnum skal máli vísað frá.

Nefndin skal vísa máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr, þrátt fyrir veittan frest skv. 2. mgr. að það sé ekki tækt til álitsgjafar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál, sem vísað er frá á þessari forsendu, skal taka til meðferðar að nýju hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

7. gr.

Málsmeðferð.

Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg.

Sé mál tekið til meðferðar skal hlutaðeigandi sveitarfélagi, stéttarfélagi og starfsmatsnefnd/framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar fengin kærán til umsagnar og andmæla. Gagnaðila skal veittur fjórtán daga frestur til að skila umsögn sinni. Telji nefndin að greinargerð gagnaðila sé á einhvern hátt áfátt getur hún veitt honum fimm daga frest til úrbóta. Telji nefndin þess þörf getur hún óskað eftir framhaldsgreinargerð kæranda. Skal honum þá veittur fjórtán daga frestur til að skila greinargerð sinni. Ef við á er nefndinni jafnframt heimilt að beina skriflega til aðila spurningum og beiðnum um framlagningu tiltekinna gagna.

Telji nefndarmenn þörf á frekari gögnum við úrlausn mála getur nefndin kallað eftir þeim gögnum.

Komi í ljós við meðferð málsins að annmarkar séu á afgreiðslu máls hjá starfsmatsnefnd/framkvæmdanefnd starfsmats, skal vísa máli aftur til starfsmatsnefndar/framkvæmdanefndar starfsmats til afgreiðslu.

Þegar álit nefndarinnar liggur fyrir skal aðilum gefinn fimm daga frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en álitid er birt. Nefndin metur hvort athugasemdir ef einhverjar eru gefi tilefni til frekari úrvinnslu.

ieo
Rök
AE
D/B

AK
ALM
EUM
ER
RT

8. gr.

Málshraði.

Nefndin skal taka kærur til meðferðar innan fjögurra vikna frá því hún berst nefndinni og skal niðurstaða nefndarinnar að jafnaði liggja fyrir innan sex vikna frá því að öll gögn liggja fyrir.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

9. gr.

Útgáfa og kynning álitssgerða.

Niðurstaða máls skal send aðilum innan sjö daga frá því að hún liggur fyrir.

Nefndin skal birta niðurstöður sínar á heimasíðu Verkefnastofu starfsmats. Nefndinni er heimilt að stytta álitssgerðir við útgáfu þeirra.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli reglna um starfsmat í kjarasamningum aðila og taka gildi þann 27.2.2017.

11. gr.

Endurskoðun.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eftir því sem þurfa þykir þó ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Ákvæði til bráðabirgða

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar fyrir árslok 2017.

13. gr.

Þau störf sem hafa fengið endurmat eftir 1. febrúar 2014 hjá Reykjavíkurborg og eftir 1. maí hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga geta þrátt fyrir ákvæði 5. greinar lagt inn kærur til áfrýjunarnefnda til marsloka árið 2018. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

Reglurnar voru samþykktar á fundi fagleggrar samráðsnefndar 11. september 2017

*Þingá Rím Ólafsdóttir
Berglind E. Ólafsd.
Elisabetta
Ragnhildur
Elín V. Magnúsdóttir
Anna Júlía
Hönnu E. Einarsson*

*Sigrún F. Hamardóttir
Sveinbjörn G. Gunnarsson
Hjálfrún Einarsson
Anna Lúía Magnúsdóttir
Ragnheiður Ólafsson*

